

Samkvæmt þessu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað niður falla.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 14. júní 1965.

Nr. 168/1964. Stálumbúðir h/f (Hafsteinn Sigurðsson hdl.)

gegn

Baldri Álfssyni og gagnsök

(Vilhjálmur Þórhallsson hdl.)

og

Umbúðaverksmiðjan h/f

(Áki Jakobsson hrl.).

gegn

Baldri Álfssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómaramarnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson
Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús
P. Torfason.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Áfrýjun.

Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi Stálumbúðir h/f hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. október 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum áfrýjanda Baldurs Álfssonar og málskostnaðar úr hendi hans í hér- aði og hér fyrir dómi.

Áfrýjandi Baldur Álfsson hefur áfrýjað málinu, að því er varðar bæði Stálumbúðir h/f og Umbúðaverksmiðjuna h/f, með stefnu 21. október 1964. Krefst hann þess, að

nefndum aðiljum verði dæmt in solidum að greiða honum kr. 365.802.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 31. desember 1964 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Svo krefst hann og þess, að umræddum aðiljum verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, einnig in solidum.

Áfrýjandi Umbúðaverksmiðjan h/f hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. apríl 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann sýknu af kröfum Baldurs Álfssonar og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjanda Baldri Álfssyni var heimil framangreind áfrýjun hans með stefnu 21. október 1964 samkvæmt 3. málsgr. 20. gr. laga nr. 57/1962, að því er tók til Stálumbúða h/f, sem áður höfðu skotið málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu, svo sem að framan getur. Hins vegar var áfrýjun óheimil gagnvart Umbúðaverksmiðjunni h/f, þar sem meira en 3 mánuðir voru liðnir frá uppsögu héraðsdóms, er áfrýjunarstefna Baldurs var út gefin, og áfrýjunarleyfis hafði ekki verið aflað, sbr. 1. og 2. málsgr. fyrrnefndrar 20. gr. laga nr. 57/1962. Verður því þeim þætti málsins, er varðar áfrýjun Baldurs á hendur Umbúðaverksmiðjunni h/f, vísað frá dómi, en aðeins dæmt um sök þessara aðilja samkvæmt áfrýjun Umbúðaverksmiðjunnar h/f.

Það athugast, að af hálfu áfrýjanda Baldurs Álfssonar er hærri fjárfrafa höfð uppi í Hæstarétti en gerð var í héraði, án þess að ástæða sé til að leyfa slíka hækkun samkvæmt ákvæðum 45. gr. laga nr. 57/1962.

I. Krafa á hendur Stálumbúðum h/f.

Áfrýjandi Baldur reisir kröfur sínar á hendur Stálumbúðum h/f í fyrsta lagi á því, að öryggisbúnaði mótunarvélar þeirrar, sem í málinu greinir, hafi verið áfátt. Samkvæmt skýrslu Stálumbúða h/f, sem ekki hefur verið hnekk, hafði vél þessari ekki verið breytt á neinn hátt frá þeirri gerð, sem hún hafði í öndverðu frá hendi framleiðanda hennar, enda hefur Öryggiseftirlit ríkisins lýst því,

að við sjálfa vélina hafi ekkert verið athugavert. Hafði vélin verið notuð þannig um langt árabil á verkstæði Stálumbúða h/f. Hins vegar er leitt í ljós, að nýrri gerðir af mótunarvélum séu með tilteknum öryggisbúnaði, sem umrædda vél Stálumbúða h/f skorti. Þrátt fyrir það verður ekki talið, að forráðamenn Stálumbúða h/f hafi sýnt slíka vangæzlu með því að heimila Magnúsi Einarssyni afnot vélarinnar, að greint félag hafi orðið bótaskyldt gagnvart áfrýjanda Baldri. Er þá og á það að líta, að Magnús Einarsson var vélstjóri að menntun og hafði áður kynnt sér vélina og haft afnot hennar.

Í öðru lagi er því haldið fram af hendi Baldurs Álfssonar, að félagið Stálumbúðir h/f hafi orðið skaðabótaskyldt vegna slyssins, með því að starfsmenn þess á vélaverkstæðinu hafi ekki hindrað eða reynt að hindra vinnu Magnúsar Einarssonar og áfrýjanda Baldurs við mótunarvélinu, enda þótt þeir yrðu þess varir, að Magnús hegðaði sér gálauslega við verkið. Á þessa málsástæðu verður ekki fallizt, því að engin rök eru til þess að leggja fébótaábyrgð á félagið af þessum sökum.

Samkvæmt framangreindu ber að sýkna áfrýjanda Stálumbúðir h/f af kröfum áfrýjanda Baldurs Álfssonar í málinu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

II. Kröfur á hendur Umbúðaverksmiðjunni h/f.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjanda dóms ber að telja Umbúðaverksmiðjuna h/f fébótaskylda vegna slyss þess, sem í málinu greinir. Þegar lítið er til þess, að áfrýjandi Baldur var aðeins 15 ára að aldri, þegar slysið varð, að hann hafði verið settur til starfa á vélaverkstæði við vél, sem hann hafði ekki áður kynnt, og að yfirmaður hans hafði fyrir honum ranga og hættulega aðferð við vinnuna, þá má fallast á það álit héraðsdómenda, að ekki sé ástæða til að skipta sök, heldur dæma Umbúðaverksmiðjuna h/f til að bæta tjónið í heild.

Fébætur til handa áfrýjanda Baldri þykja hæfilega ákveðn-

ar í héraðsdómi kr. 222.750.00, en vöxtum verður breytt til samræmis við kröfugerð áfrýjanda Baldurs hér fyrir dómi. Staðfesta ber málskostnaðarákvæði hins áfrýjanda dóms, að því er tekur til áfrýjanda Umbúðaverksmiðjunnar h/f.

Rétt er, að áfrýjandi Umbúðaverksmiðjan h/f greiði áfrýjanda Baldri Álfssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Framangreindri áfrýjun Baldurs Álfssonar á hendur Umbúðaverksmiðjunni h/f vísast frá dómi.

Áfrýjandi Stálumbúðir h/f á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda Baldurs Álfssonar í máli þessu, og fellur málskostnaður niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, að því er þá sök varðar.

Áfrýjandi Umbúðaverksmiðjan h/f greiði áfrýjanda Baldri Álfssyni kr. 222.750.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 30.000.00 í málskostnað í héraði og kr. 25.000.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Fallast má á ummæli í framanrituðum hæstaréttardómi um frávísun sakar vegna vöntunar á áfrýjunarleyfi og aukinnar kröfugerðar.

Magnús Einarsson, fyrirsvarsmaður áfrýjanda Umbúðaverksmiðjunnar h/f, hefur samkvæmt leyfi ráðamanna áfrýjanda Stálumbúða h/f notað sjálfstætt mótunarvél á

verkstæði áfrýjanda Stálumbúða h/f við mótun málmhluta fyrir áfrýjanda Umbúðaverksmiðjuna h/f. Mótunarvél þessi er af allgamalli gerð, en er í hinu upphaflega lagi sínu og hefur eigi verið bönnuð af opinberum eftirlitsmönnum, svo vitað sé. Mótun málmhluta fer þannig fram í vélinni, að mót það, sem málmhlutirnir eru mótaðir eftir, er lagt á steðja vélarinnar, málmur sá, er móta skal úr, er síðan lagður á mótið, og fallfarg vélarinnar því næst fellt niður á steðjann með því að stíga á fótstig, sem er niður við gólf. Á nýtizku mótunarvélum eru hins vegar handtæki notuð við fellingu fargsins. Þá er fallfargið hefur slegið málm-inn á steðjanum, hrekkur fallfargið aftur upp til fyrri stöðu sinnar. Hinn 15. október 1958 var Magnús Einarsson á verkstæði Stálumbúða h/f og starfaði þar að mótun loka á öskjur, sem áfrýjandi Umbúðaverksmiðjan h/f var að framleiða. Áfrýjandi Baldur Álfsson, starfsmaður áfrýjanda Umbúðaverksmiðjunnar h/f, var honum þarna til aðstoðar. Þeir unnu, svo sem um var samið, án þess að starfsmenn áfrýjanda Stálumbúða h/f kæmu þar nærri eða hefðu afskipti af þeim. Áfrýjandi Baldur Álfsson var þá 15 ára og hafði eigi áður fengið við þetta starf. Þá er Magnús Einarsson hafði stjórnað mótunarvélinni um stund, veitti hann áfrýjanda Baldri Álfssyni, sem áhuga hafði á starfinu, leyfi til að taka við stjórn hennar. Gekk áfrýjandi Baldri Álfssyni starfið sæmilega, og tók Magnús Einarsson því að víkja sér frá öðru hverju. Áfrýjandi Baldur Álfsson vann nú við vélina góða stund og kveðst hafa mótað um 200 öskjulok. Þá varð honum, er Magnús Einarsson var fjarverandi, á að stíga á fótstig vélarinnar samtímis því, að hann hafði vinstri hönd sína á steðja hennar. Féll fallfargið þá á höndina, og tók af þrjá fingur. Sækir áfrýjandi Baldur Álfsson nú áfrýjanda Stálumbúðir h/f og Umbúðaverksmiðjuna h/f til fébóta vegna slyssins.

Áfrýjandi Stálumbúðir h/f hafði einungis veitt Magnúsi Einarssyni, sem er vélfræðingur og kveðst hafa unnið yfir 20 ár við slíkar vélar, heimild til að nota mótunarvélina, en hafði enga umsjón með starfa hans. Mótunarvélina var

í upphaflegu lagi sínu og samþykkt, að því er ætla verður, af vélaeftirlitinu, en gæta varð þess að styðja eigi höndum á steðjann, er fallfarginu var hleypt niður. Að svo vöxnu máli eru hvorki fyrir hendi efni né lagarök til að leggja á Stálumbúðir h/f fébótaábyrgð á slysi áfrýjanda Baldurs Álfssonar, og breytir það engu í þessu efni, þótt starfsmenn áfrýjanda Stálumbúða h/f beri eftir á, að þeir hafi talið Magnús Einarsson vinna óhönduglega við vélina. Ber því að sýkna áfrýjanda Stálumbúðir h/f af kröfu áfrýjanda Baldurs Álfssonar, en eftir atvikum þykir mega láta málskostnað í þessum þætti málsins falla niður.

Það var ógætni af hendi Magnúsar Einarssonar að láta áfrýjanda Baldur Álfsson, sem var 15 ára og mátti vænta nokkurs gáleysis af, stjórna mótunarvélinni og áminna hann eigi betur en hann gerði. Ber Magnús Einarsson því allmikla ábyrgð á gáleysi áfrýjanda Baldurs Álfssonar við verkið. Hins vegar er einsýnt, að áfrýjandi Baldur Álfsson hafði tekið út þann þroska, að honum var augljóst, að stórhættulegt var að styðja hönd á steðja mótunarvélarrinnar og stíga samtímis á fótstig hennar, þannig að fallfargið félli niður. Verður því að rekja slysið til ógætni Magnúsar Einarssonar, sem áfrýjandi Umbúðaverksmiðjan h/f ber ábyrgð á, og gáleysis áfrýjanda Baldurs Álfssonar. Þá athugaður er aðdragandi slyssins og þroskastig áfrýjanda Baldurs Álfssonar, þykir rétt að leggja tvo þriðju fjárhagsábyrgðar á slysinu á áfrýjanda Umbúðaverksmiðjuna h/f.

Fjárhæð tjóns þess, sem áfrýjandi Baldur Álfsson varð fyrir, þykir hæfilega metin í héraðsdómi kr. 222.750.00. Ber að dæma áfrýjanda Umbúðaverksmiðjuna h/f til að greiða áfrýjanda Baldri Álfssyni tvo þriðju þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 148.500.00, ásamt vöxtum, svo sem síðar segir.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma áfrýjanda Umbúðaverksmiðjuna h/f til að greiða Baldri Álfssyni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 48.000.00.

Dómsorð:

Afrýjandi Stálumbúðir h/f á að vera sýkn af kröfum afrýjanda Baldurs Álfssonar í máli þessu, og fellur málskostnaður niður í máli þeirra.

Afrýjandi Umbúðaverksmiðjan h/f greiði afrýjanda Baldri Álfssyni kr. 148.500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 48.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júní 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. þ. m., hefur Hulda Valdimarsdóttir, Álfheimum 72, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 24. október 1962, fyrir hönd sonar síns, Baldurs Álfssonar, s. st., sem þá var ófjárráða, gegn Umbúðaverksmiðjunni h/f og Stálumbúðum h/f til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð kr. 197.844.00, með 6% ársvöxtum frá 15. október 1958 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi er fæddur 6. maí 1943. Varð hann því fjárráða 6. maí s.l. Hefur hann því nú tekið sjálfur við málsókn þessari.

Í þinghaldi 6. þ. m. hækkaði stefnandi kröfur sínar með samþykki umboðsmanns stefndu á þann veg, að hann krafðist þess, að stefndu verði dæmt in solidum að greiða honum kr. 270.861.00 með vöxtum, eins og að framan greinir, svo og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar.

Stefnandi hefur stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til að gæta réttar síns í málinu, en engar kröfur gert á hendur réttargæzlustefnda. Réttargæzlustefndi hefur heldur engar kröfur gert í málinu.

Málavextir eru þessir:

Haustið 1958 réðst stefnandi, sem þá var 15 ára að aldri, í vinnu til reynslu hjá Umbúðaverksmiðjunni h/f.

Miðvikudaginn 15. október 1958 fór Magnús Einarsson, fram-

kvæmdastjóri og formaður stjórnar Umbúðaverksmiðjunnar h/f, á verkstæði Stálumbúða h/f, hér í borg, til þess að móta lok á öskjur, sem Umbúðaverksmiðjan h/f var að framleiða, en Stálumbúðir h/f áttu mótunarvél til að móta slík lok. Magnús Einarsson hafði stefnanda með sér til aðstoðar við mótun lokanna. Varð stefnandi þá fyrir því slysi að lenda með vinstri hönd í mótunarvélinni með þeim afleiðingum, að hann missti vísfingur, löngutöng og svo til allan baugfingur. Magnús og stefnandi hófu vinnu sína um kl. 1400. Stjórnaði Magnús í fyrstu mótunarvélinni, en stefnandi flutti hin fullgerðu lok frá vélinni og staflaði þeim.

Verkið var þannig unnið, að málmplötu þeirri, er lokin voru unnin úr, var komið fyrir undir fallhamri (stanz) mótunarvélarinnar ofan á móti því, sem lokið lagast eftir. Fallhamarinn er síðan látinn falla niður á plötuna, sem síðan lagast eftir mótinu, og verður lokið þá eftir fullgert og skorið frá þeim hluta plötunnar, sem afgangur er, en fallhamarinn færist síðan upp aftur, tilbúinn fyrir næsta lok. Falli hamarsins er stjórnað með fótstigi (pedala), og ef stigið hefur verið á fótstig vélarinnar, verður falli hamarsins ekki forðað. Það virðist koma alloft fyrir, að það, sem mótað er, festist í vélinni, en þar sem vélin er stöðugt í gangi, meðan mótað er, og ekki þarf nema lítið átak á fótstigið, til þess að hamarinn falli á ný, verður að gæta ýtrustu varkárni við að losa hlutinn, til þess að lenda ekki undir hamrinum, sem fellur með allmiklum hraða og miklu afli. Í slíkum tilfellum mun vera venja að nota tréflýga, skrúfjárn eða önnur slík tæki til að losa hlutinn, sem er verið að móta.

Eins og fyrr segir, stjórnaði Magnús Einarsson sjálfur mótunarvélinni í upphafi. Ef lok festist á stanzinum, notaði hann þó engin áhöld til þess að losa þau, heldur fingurna.

Stefnandi kveðst aldrei áður hafa starfað við slíka vél og jafnvel ekki séð slíka vél í notkun fyrr en umræddan dag. Er þeir höfðu unnið nokkra stund, kveðst hann hafa spurt Magnús, hvort þeir ættu ekki að skipta um verk. Magnús kveðst þá hafa gefið stefnanda leyfi til þess að móta nokkur lok undir sinni umsjá. Kveðst stefnandi þá hafa stanzað viðstöðulaust í um það bil 20 mínútur. Hafi Magnús á þeim tíma leiðbeint sér nokkuð í upphafi, en síðan hafi Magnús gengið frá og látið sig starfa einan við vélina á meðan. Þannig hafi hann tvívegis verið ein-samall við mótunarvélina, er Magnús vék frá, og kveðst hann hafa álitnið, að Magnús ætlaðist til þess, að hann mótaði ein-

samall á meðan, því að hann hafi alls ekki fundið neitt að við sig, þá er hann kom aftur, heldur þvert á móti látið sér vel lynda verk sitt og haft orð á því. Staðhæfir stefnandi, að Magnús hafi aldrei bannað sér að móta einsamall, heldur hafi Magnús einmitt þvert á móti, er hann kom að honum, þar sem hann stanzaði einsamall, leiðbeint sér frekar, hvernig betur mætti framkvæma verkið. Kveðst stefnandi af þessum sökum hafa talið, að Magnús ætlaðist beinlínis til þess, að hann héldi áfram að stanza einsamall, þó að Magnús brygði sér frá. Magnús viðurkennir, að það sé rétt, að hann hafi leyft stefnanda að móta undir sinni umsjá. Hann kveðst einnig tvívegis hafa farið frá vélinni í gangi og skilið stefnanda einan eftir við hana, en hann heldur því fram, að hann hafi ávítað stefnanda fyrir að vera að móta án sinnar umsjónar og bannað honum að gera það.

Í þriðja sinnið fór Magnús frá mótunarvélinni án þess að stöðva hana, en skildi stefnanda eftir einan við hana, og fór stefnandi þegar að móta. Mun Magnús hafa farið til þess að fá sér kaffisopa, en er hann hafði verið burtu nokkra stund, varð stefnandi um kl. 1640 fyrir því slysi að lenda með vinstri hönd undir fallhamrinum með þeim afleiðingum, að vísifingur og löngutöng þverklipptust á miðri efstu kjúku, en baugfingur um miðlið.

Um nánari aðdraganda að slysinu hefur stefnandi í skýrslu til lögreglunnar hinn 20. október 1958 greint svo frá:

„... var ég að pressa þarna, og held ég, að ég hafi verið með seinni helminginn af plötunni, og varð ég að halda við plötuna, til þess að lokið kæmi út rétt. Ég steig svo á pedalann, og vissi ekki fyrr til en pressan lenti á vinstri hendinni á mér ...“ Síðar skýrði stefnandi svo frá fyrir dómi, að slysið hefði gerzt svo snögglega, að hann gerði sér ekki fullljósa grein fyrir, með hverjum hætti það hafi verið. Einhverra hluta vegna muni fallhamarinn hafa fallið tvisvar á sama lokið, annað hvort vegna þess að hann hafi haldið fætinum of lengi á fótstiginu eða þá að lokið hafi festst, þegar hann mótaði, og hann þá ætlað að losa það með fingrunum og trúlega stigið öðru sinni á fótstigið þannig, að fallhamarinn hafi fallið öðru sinni. Um þetta geti hann þó ekkert staðhæft, því að hann hafi orðið svo ringlaður og utan við sig, þegar vélin tók af fingurna, að hann muni naumast, hvað skeði.

Magnús Einarsson, sem kveðst hafa haft stjórn á sams konar mótunarvélum í yfir 20 ár og er vélstjóri að mennt, telur, að

orsök slyssins hafi eingöngu verið skortur á öryggisútbúnaði vélarinnar og vanþroski stefnanda, sem hann segir, að sé illa greindur, fiktsamur við vélar og virðist ekki hafa gert sér grein fyrir hættum, sem vélum eru samfara.

Í vinnusal þeim, sem þeir stefnandi og Magnús unnu umræddan dag, voru einnig nokkrir af starfsmönnum Stálumbúða h/f við vinnu sína. Fjórir þeirra, sem nokkuð fylgdust með þeim stefnanda og Magnúsi, hafa verið kvaddir til vættis. Enginn þeirra kveðst hafa orðið þess var, að Magnús ávitaði stefnanda eða bannaði honum að móta einsamall. Þrír þessara manna, Gunnar Arthúrsson, Sigurður Berg Bergsteinsson og Vigfús Frímann Jónsson, hafa borið það, að stefnandi hafi hagað sér við verkið alveg eins og Magnús, enn fremur að Magnús hafi farið frá vélinni án þess að stöðva hana, en stefnandi hafi þá haldið áfram vinnu við vélina. Hljóti Magnús að hafa vitað, að hann mótaði einsamall á meðan, og jafnvel ætlað til þess, því ella hefði hann stöðvað vélina, áður en hann fór frá henni.

Vitnið Gunnar Arthúrsson, sem var við vinnu sína í um það bil 3—4 metra fjarlægð frá mótunarvélinni, kveðst hafa haft allgóða aðstöðu til þess að fylgjast með þeim Magnúsi og stefnanda. Segir vitnið, að sér hafi virzt fara mjög vel á með þeim, og hann hafi aldrei orðið þess var, að Magnús atyrkti stefnanda neitt fyrir að móta einsamall eða að hann bannaði honum það.

Þrjú áðurgreind vitni hafa enn fremur skýrt svo frá, að Magnús hafi hagað sér mjög óvarlega við verkið og haft fyrir stefnanda þau vinnubrögð og síðan látið hann framkvæma þau á sama veg. Þannig hafi hann ávallt losað með fingrunum lok þau, er festust í mótinu, og einnig látið stefnanda losa þau lok á sama veg, meðan stefnandi mótaði, og jafnvel látið stefnanda losa lokin af mótinu, meðan Magnús mótaði sjálfur.

Í skýrslu öryggiseftirlitsins um ástand vélarinnar segir:

„Við sjálfa vélina er ekkert athugavert. Stanzvélín er ekki útbúin fullkomnum öryggisútbúnaði, eins og nýjar stanzvélar eru, og krefst vinna við slíka vél sérstakrar aðgæzlu.“

Rannsókn vegna slyssins var send öryggismálastjóranum til umsagnar. Í álitserð hans segir m. a.:

„Ég lít svo á, að orsök slyssins sé tilhögun vinnu, sem við slíka vél verður að teljast mjög varhugaverð og lítt til eftirbreytni fyrir unglínga; og það að hleypa unglíngi til sjálfstæðra starfa við vélina, án þess að möguleikar væru á því, að hægt hefði verið að kynna honum starfið til hlítar eða gera honum

skiljanlegar þær hættur, sem notkun vélarinnar eru samfara.“

Vegna slyss þessa höfðaði ákærvaldið refsímál á hendur Magnúsi Einarssyni. Gekk dómur í málinu í héraði 28. september 1959. Var Magnúsi dæmd refsing samkvæmt 219. gr. laga nr. 19/1940.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að óforsvaranlegt hafi verið af Magnúsi Einarssyni að láta hann vinna einsamlan við mótunarvélina, eins og á stóð. Vélin hafi auk þess verið stórháskaleg, þar sem á henni hafi ekki verið öryggisútbúnaður, sem hún hafi átt að hafa samkvæmt 16. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Þótt öryggiseftirlitið hafi í skýrslu sinni haldið því fram, að ekkert hafi verið athugað vert við vélina, þá skipti það ekki máli, þar sem það sé ekki á valdi þeirrar stofnunar að slaka á þeim kröfum, sem lög ákveða um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Þá telur stefnandi, að starfsmenn Stálumbúða h/f hafi sýnt af sér vítavert aðgerðaleysi, þar sem enginn reyndi að koma í veg fyrir slysið með aðvörunum eða leiðbeiningum. Með tilliti til þessa og þar sem hér hafi verið um hættulegan atvinnurekstur að ræða, beri báðir stefndu sameiginlega ábyrgð á öllu því tjóni, sem hann varð fyrir við slysið.

Stefndi Umbúðaverksmiðjan h/f reisir sýknukröfu sína á því, að ósannað sé, að Magnús Einarsson hafi sýnt af sér nokkra þá vangæzlu, sem Umbúðaverksmiðjan h/f eigi að bera ábyrgð á. Magnús hafi bannað stefnanda að vinna við vélina, að sér fjarverandi. Á hinn bóginn hafi Magnús kennt stefnanda að fara með vélina, og svo virðist sem stefnandi hafi verið orðinn það vanur þessu verki, að hann hafi vitað fullkomlega, hvernig hann átti að framkvæma það, en eins og kunnugt sé, vanræki menn oft, bæði ungir og gamlir, nauðsynlegar varúðarreglur, þangað til þeir hafa rekið sig á. Aðalorsök slyssins sé þó vanbúnaður vélarinnar. Óverjandi hafi verið af eiganda verksmiðjunnar og stjórnendum hennar að hafa slíka vél í notkun án nauðsynlegs öryggisútbúnaðar. Við vél þessa muni fleiri slys hafa skeð en þetta slys. Það hafi verið jafnóverjandi af eiganda vélarinnar að hleypa Magnúsi Einarssyni að vélinni, eins og stefnanda, í því ástandi, sem vélin var í. Í slíkum föllum megi ekkert út af bera, til þess að slys verði, og verði a.m.k. að krefjast þess, að við vélarnar séu nákvæmar varúðarreglur, sem notendur þeirra geti lesið, áður en þeir taki til starfa. Þótt Magnús hafi oft fengizt við vélar, þá sé það engin sönnun fyrir því,

að hann hafi vitað til fulls, hvaða öryggisreglum hann hafi átt að fylgja að þessu leyti. Þar sem fleiri slys hafi orðið við þessa vél, sæti það furðu, að eigandi vélarinnar skuli eigi hafa séð fyrir nægilegum öryggisútbúnaði við hana. Önnur aðalorsök slyssins sé óvarkárni stefnanda sjálfs. Stefnandi hafi verið orðinn það þroskaður, að hann hefði átt að sjá, að hættulegt gat verið að nota fingurna til þess að losa lokið. Varakröfu sína í málinu byggir Umbúðaverksmiðjan h/f á því, að vegna óvarkárni stefnanda beri að skipta sök, og þá beri einnig að lækka einstaka kröfuliði.

Stefndi Stálumbúðir h/f reisir sýknukröfu sína á því, að hann hafi einungis borið ábyrgð á því, að vélin sem slík væri forsvaranleg. Það hafi hún verið, eins og fram komi í skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins, þar sem segi, að við vélina sé ekkert athugavert. Í skýrslunni sé tekið fram, að vélin sé ekki útbúin fullkomnum öryggisútbúnaði, eins og nýjar vélar séu. Þetta megí rétt vera, en telja verði, að vél þessi sé á engan hátt hættulegri en venja sé með slíkar vélar. Engin bilun hafi orðið á vélinni og ekkert það komið fram, er velt geti fébótaábyrgð á eiganda vélarinnar. Varakröfu sína byggir þessi stefndi á því, að stefnandi eigi hér sjálfur nokkra sök með gálausum vinnubrögðum sínum. Auk þess séu kröfur stefnanda of háar.

Dómurinn hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður.

Í 16. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum segir: „Sérhver vél, allur búnaður hennar, undirstöður og festing skal vera fulltraust og þannig frá öllu gengið, að notkun vélarinnar hafi sem minnsta slyshættu í för með sér. Ef nauðsynlegt er, skal vélin vera með hentugum öryggisbúnaði, sem byggður sé með henni, sé þess nokkur kostur.“

Enginn öryggisbúnaður var þó á mótunarávélinni. Mótunarsstarfið hafði í för með sér stöðugt endurteknar hreyfingar. Þegar svo er háttað, er hætt við því, að athygli þess, sem mótar, sljóvgist, og má þá lítið út af bera, að slys verði. Sá, sem mótandi, var því í sífelldri hættu að lenda með hendurnar undir fallhamrinum, ef eitthvað út af bæri, þar sem ekki þurfti nema lítinn þrýsting á fótstigið, til þess að fallhamarinn félli. Hinir sérfróðu meðdómsmenn telja, að unnt hefði verið að koma við búnaði, sem þannig sé úr garði gerður, að ekki sé hægt að hreyfa fótstigið, nema ýtt sé á tvo tengirofa eða handsveifar með sitt hvorri hendi. En með slíkum umbúnaði er því forðað, að sá, sem mótar, lendi óvart með hendurnar undir fallhamrinum.

Af því, sem áður hefur verið rakið, verður að telja sannað, að Magnús Einarsson hafi ekki kennt stefnanda tilhlýðilega meðferð vélarinnar né heldur gert honum ljósar hættur þær, sem notkun hennar eru samfara. Einnig verður að líta svo á, þrátt fyrir mótmæli Magnúsar, að Magnús hafi ætlað til þess, að stefnandi mótaði áfram þau skipti, sem hann brá sér frá, ella bar honum að stöðva vélina, en stöðvun vélarinnar er í því fólgin að styðja á einn rofa og var því mjög auðveld. Með því að skilja vélina eftir í gangi í þriðja sinnið, þar sem stefnandi var eftir við vinnu sína, mátti Magnús gera ráð fyrir, að stefnandi mótaði einsamall á meðan og með þeim handbrögðum, sem hann hafði séð Magnús beita áður, og jafnframt, að stefnanda væri hætta búin við starfið.

Við umrætt verk vann Magnús í þágu Umbúðaverksmiðjunnar h/f. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir Umbúðaverksmiðjan h/f sem atvinnurekandi bera ábyrgð á slysinu gagnvart stefnanda.

Eins og fyrr er frá greint, lánaði stefndi Stálumbúðir h/f Umbúðaverksmiðjunni h/f mótunarvélina, þrátt fyrir það að öryggisbúnaði hennar væri verulega áfátt. Þykir stefndi Stálumbúðir h/f því einnig bera ábyrgð á slysinu gagnvart stefnanda. Enda verður eigi talið, að afnotasamningur stefndu um vélina byggji út þeirri ábyrgð.

Með tilliti til hins unga aldurs stefnanda og atvika málsins að öðru leyti þykir ekki ástæða vera til þess að skipta sök í málinu.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi nú þannig:

1. Örorkubætur	kr. 254.267.00
2. Örorkumat	— 700.00
3. Útreikningur á tjóni	— 2.050.00
4. Þjáningar og lýti	— 60.000.00

Kr. 317.017.00

Frá dragast greiðslur frá Trygginga- stofnun ríkisins	— 46.156.00
--	-------------

Samtals kr. 270.861.00

Um 1.

Páll Sigurðsson, fyrrverandi tryggingayfirlæknir, hefur metið örorku stefnanda. Í örorkumatinu, sem dagsett er 12. október 1960, segir svo:

„Slasaði var þegar eftir slysið fluttur í Slysavarðstofu Reykjavíkur og tekinn þar til meðferðar af Páli Sigurðssyni lækni, jun., í Reykjavík. Í vottorði hans, dags. 21. október 1958, segir, að við slysið 15. október 1958 hafi höggvizt framan af vísifingri, löngutöng og baugfingri vinstri handar slasaða. Baldur fór svo til skiptinga í Slysavarðstofuna fram undir áramótin 1958—1959, og í öðru vottorði Páls Sigurðssonar læknis, jun., í Reykjavík, dags. 19. janúar 1959, segir, að slasaði muni geta hafið vinnu um næstu mánaðamót, þ. e. um mánaðamótin janúar—febrúar 1959.

Baldur hefur mætt hjá mér undirrituðum til viðtals og skoðana 13. apríl 1959, 12. maí 1959, 22. maí 1959 og loks 10. október 1960. Frásögn slasaða um nánari atvik að slysinu og gang sjúkdómsins, eftir að það vildi til, er í fullu samræmi við það, sem greint er frá hér að framan um það efni, og vísast til þess.

Baldur kveðst ekkert hafa getað unnið, frá því að hann slasaðist og það fram að mánaðamótunum janúar—febrúar 1959. Í byrjun febrúar 1959 segist hann hafa hafið vinnu sem aðstoðarmatsveinn á varðskipinu „Albert“. Hann kveðst hafa starf að þar einn mánuð. Því næst segist hann hafa farið tvær ferðir með strandferðaskipinu „Skjaldbreið“. Þar eftir hafi hann dvalið heima hjá sér fram undir lok aprílmánaðar 1959.

Í byrjun maí 1959 kveðst Baldur hafa hafið starf sem aðstoðarmaður við vél í togara og hafa unnið við það síðan með nokkrum hvíldum og ætla sér að vinna við það framvegis. Hann segir, að starf þetta sé einfalt og létt og hann þoli það sæmilega vel.

Eins og áður segir, mætti Baldur hjá mér undirrituðum til viðtals og skoðana í apríl og maí 1959. Hinn 23. maí 1959 mat ég framtíðarörorku hans við Tryggingastofnun ríkisins vegna afleiðinga slyssins 15. október 1958 og taldi hana þá hæfilega: 22%.

Eins og ég þegar hef tekið fram, þá mætti Baldur hjá mér undirrituðum hinn 10. þ. m. til viðtals og skoðunar.

Skoðun: Baldur er tæplega meðalmaður á hæð, í góðum holdum og sæmilega hraustlegur útlits.

Hlustun á lungum leiddi ekkert óeðlilegt í ljós. Hlustun á hjarta: Það reyndist starfa reglulega. Púls 76. Hjartatónar hreinir. Blóðþrýstingur 128/60.

Vinstri hönd: Á hana vantar vísifingur og löngutöng að mestu. Af efstu kjúku vísifingurs er aðeins eftir þunn sneið. Af löngu-

töng er eftir tæpur þriðjungur af efstu kjúku. Það er sæmlega góð hreyfing á liðunum milli hlutanna, sem eftir eru af þessum tveimur fingrum, og tilsvarendi miðhandarbeina. Á baugfingur vantar tvær fremri kjúkurnar. Eðlileg hreyfing er í liðnum milli fjórða miðhandarbeins og kjúkunnar, sem eftir er af baugfingri. Það er vel gróið fyrir stúfana á vísifingri og löngutöng, en á baugfingurstúfnum er mjög grunnt á beininu, og á honum er smáfleiður. Þumalfingur og litlifingur vinstri handar virðast alveg eðlilegir. Ástand vinstri handar slasaða má heita alveg óbreytt, frá því sem það var við örorkumatið í maí 1959.

Ályktun: Enginn vafi getur leikið á því, að missmiði þau á vinstri hendi slasaða, sem nú hefur verið lýst og tvímælalaust verður að telja beinar afleiðingar slyssins 15. október 1958, hljóta að verða Baldri til mikils trafala og skerða vinnugetu hans í framtíðinni.

Má ætla, að sú skerðing á vinnugetunni í framtíðinni verði eigi minni en sem svarar einum fimmta til eins fjórða af allri vinnugetunni. Það verður því ekki hjá því komizt að áætla Baldri örorku, þar á meðal framtíðarörorku, vegna slyssins 15. október 1958 og afleiðinga þess.

Þessi örorka þykir hæfilega metin, svo sem hér segir:

Frá slysdegi til 31/12 1958	80%
— 1/1 1959 til 31/1 1959	60%
— 1/2 1959 til 30/4 1959	40%
— 1/5 1959, framtíðarörorka	22%“

Á grundvelli þessa örorkumats hefur K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur reiknað út áætlað vinnutjón stefnanda. Hefur hann gert tvo útreikninga. Í fyrri útreikningnum, sem er dagsettur 12. október 1961, tekur tryggingafræðingurinn fram, að stefnandi hafi aðeins verið 15 ára, þegar hann slasaðist. Áætlun um vinnutekjur verði því ekki byggð á vinnutekjum hans fyrir slysið. Þá telur hann ekki grundvöll fyrir öðru en að miða útreikning við verkamannatekjur, miðað við fulla dagvinnu alla virka daga ársins, að undanskildum þremur orlofsvikum. En vegna þess hve stefnandi var ungur, þegar hann slasaðist, sé þó ekki rétt að reikna með þetta háum vinnutekjum fyrstu árin eftir slysið. Hæfilegt sé að reikna með 70% af framangreindum vinnutekjum á fyrsta ári eftir slysið og síðan hækkanandi hundraðshluta um 5 á ári hverju, unz fullum vinnutekjum væri náð á 7. ári eftir slysið. Síðari útreikningur trygginga-

fræðingsins er dagsettur 15. maí 1964. Þar greinir m. a. svo frá:

„Útreikningurinn frá 12. október 1961 var byggður á 6% vöxtum p. a. og dánarlíkum íslenzkra karla samkvæmt reynslu á árunum 1941—'50. Að þessu sinni nota ég 7% vexti p. a., þar sem ég tel það betur í samræmi við gildandi vaxtakjör hér á landi, og dánartöflur, byggðar á íslenzkri reynslu á árunum 1951—'60. Að öðru leyti vísast um reikningsgrundvöll til fyrra útreiknings, þar á meðal um örorkumat. Í sambandi við það vil ég geta þess, að á afriti af fyrra útreikningi mínum sé ég, að vérlitunarvilla hefur orðið síðast í töflu 1, þar sem framtíðar-örorka er talin 20% í stað 22%. Þetta er hins vegar rétt í handritinu, sem ég á enn, og allir útreikningar eru byggðir á réttri tölu, svo að villan hefur að því leyti ekki komið að sök.

Eins og greint er frá í fyrra útreikningi, er áætlun um vinnutekjur byggð á verkamannakaupi. Eftir að sá útreikningur var gerður, hafa orðið þessar hækkunar á því:

1. júní 1962	rösk	9%
1. febrúar 1963	...	—	5%
23. júní 1963	—	7½%
21. desember 1963	.	—	15%

Í útreikningnum frá 12. október 1961 gerði ég ráð fyrir 4% hækkun þann 1. júní 1962. Þegar tekið er tillit til framangreindra kauphækkana, verður áætlun um vinnutekjur og vinnutekjutap, svarandi til töflu 2 í fyrra útreikningi, þannig:

Tímabil	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. ár eftir slysið	kr. 34.846.00	kr. 14.548.00
2. — — —	— 37.335.00	— 8.214.00
3. — — —	— 40.987.00	— 9.017.00
4. — — —	— 48.132.00	— 10.589.00
5. — — —	— 56.987.00	— 12.537.00
6. — — —	— 71.918.00	— 15.822.00
Síðan árlega	— 77.548.00	— 17.061.00

Verðmæti þessa áætlaða vinnutekjutaps, miðað við slysdag, reiknast mér:

Kr. 207.991.00.

Ég vil benda á, að áætlunin hér að framan um vinnutekjur, er lágmarksáætlun, byggð á tímakaupi verkamanna fyrir dagvinnu eingöngu, en þó án úrfellingar vegna veikinda og atvinnu-

leysis. Á undanfórnum árum hafa margir verkamenn, og líklega flestir, náð til muna hærri vinnutekjum en svarar til dagvinnunnar. Samkvæmt upplýsingum í 13. hefti ritsins „Úr þjóðarbúskapnum“ um úrtaksprófanir á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík hafa vinnutekjur þeirra á árunum 1958—62 verið til jafnaðar 41% hærri en dagvinnutekjurnar, en það svarar til 109.343.00 kr. ársvinnutekna með núverandi kaupi.

Meðalaldur íslenzkra brúðguma er tæp 28 ár. Væri nú gert ráð fyrir, að vinnutekjurnar héldu áfram að hækka eftir 21 árs aldur með jafnri árlegri hækkun til 28 ára aldurs og væru þá komnar í 109.343.00 kr. á ári, mundi áætlað vinnutekjutap hækka tilsvarendi. Verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps mundi hækka við það úr 207.676.00 kr. í

254.267.00 kr.“

Stefnandi byggir fjárhæð þessa kröfuliðs á framangreindum útreikningi og krefst kr. 254.267.00, eins og síðasta fjárhæð útrekningsins segir til um.

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Hér sé um áætlunarupphæðir að ræða, og gert sé ráð fyrir stöðugri vinnu, fullri vinnuheilsu viðkomanda og því, að hann lifi til að afla teknanna. Þá séu bætur þessar eigi taldar til skattskyldra tekna, og hagræði sé við það að fá upphæðina alla greidda fyrirfram. Beri að taka tillit til þessa til lækkunar á þessum kröfulið.

Eftir öllum atvikum þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 160.000.00, og er þá tekið tillit til greiðslna þeirra, sem stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 46.156.00.

Um 2. og 3.

Fjárhæðum þessara kröfuliða hefur ekki verið mótmælt, og verða þær því teknar til greina óbreyttar.

Um 4.

Af hálfu stefndu hefur þessum kröfulið verið mótmælt sem of háum, miðað við dómstólavenju í slíkum tilfellum.

Með hliðsjón af því, sem rakið hefur verið um slysið, og sjúkra sögu stefnanda þykir kröfu stefnanda um bætur samkvæmt þessum lið í hóf stillt. Verður fjárhæð þessa kröfuliðs því tekin til greina óbreytt.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda nema kr. 222.750.00

(160.000.00 + 2.750.00 + 60.000.00). Verða stefndu dæmdir in solidum til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, er reiknast 6% frá 15. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu einnig að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Hallgrími Jónssyni vélstjóra og Jóhannesi Zoëga verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Umbúðaverksmiðjan h/f og Stálumbúðir h/f, greiði in solidum stefnanda, Baldri Álfssyni, kr. 222.750.00 með 6% ársvöxtum frá 15. október 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 30.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. júní 1965.

Nr. 55/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Lárusi Stefánssyni (Örn Clausen hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Tilraun til manndráps. Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram vottorð Karls Sig. Jónssonar læknis, dags. 24. maí 1965, um heilsufar Erlu Kjartansdóttur. Segir þar m. a. svo:

„Sjúkl. hefur dvalið að mestu erlendis, síðan hún kom af spítalanum, og alls ekki unnið. Við skoðun nýlega reynd-